# Orkuveita Húsavíkur ehf.

## Ársreikningur 2005

## Efnisyfirlit


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar og áritun á ársreikninginn........................ | **2** |
| Áritun endurskoðenda ..................................................... | **3** |
| Rekstrarreikningur............................................................. | **4** |
| Efnahagsreikningur............................................................ | **5 - 6** |
| Sjóðstreymi........................................................................ | **7** |
| Reikningsskilaaðferðir...................................................... | **8 - 9** |
| Skýringar ........................................................................... | **10 - 14** |
| Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur....................... | **15** |



**Orkuveita Húsavíkur ehf.,**
**Kt. 641195-2359,**
**Ketilsbraut 9,**
**640 Húsavík.**

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Orkuveita Húsavíkur ehf. var stofnuð þann 11. febrúar 2005 með heimild í lögum nr. 13/2005 sem samþykkt voru á Alþingi 16. mars 2005. Lögin heimiluðu Húsavíkurbæ að stofna einkahlutafélag um Orkuveitu Húsavíkur frá og með 1. janúar 2005. Skv. lögunum tók Orkuveita Húsavíkur ehf. við einkarétti Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur til starfrækslu hita-, raf- og vatnsveitu á Húsavík og yfirtók skyldur tengdar rekstri þeirra sem kveðið var á um í öðrum lögum.

Tilgangur Orkuveitu Húsavíkur ehf. er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

## Starfsemin á árinu

Í ársbyrjun 2005 runnu upp nýir tímar í raforkumálum Íslendinga. Þá var öllum stærri notendum, sem nota 100 kílóvattstundir eða meira, veitt frelsi til að velja sér raforkusala. Þetta breytta umhverfi setti á sinn hátt mark á starfsemina í raforkuhlutanum á árinu. Frá og með 1. janúar 2006 geta svo landsmenn keypt rafmagn af þeim sem þeir kjósa helst, hvort sem er til atvinnurekstrar, heimilisnotkunar eða annarra hluta. Önnur starfsemi félagsins var með svipuðu sniði og á undanförnum árum.

Rekstur veitunnar gekk vel á árinu. Heildarvelta ársins nam 263,2 millj. kr. samanborið við 259,8 millj. kr. á árinu 2004. Hagnaður nam kr. 74,5 millj. samanborið við kr. 60 millj. hagnað árið 2004. Á árinu var fjárfest fyrir 50,9 mkr. í veitukerfum og fyrir 10,7 millj. í eignarhlutum í öðrum félögum. Í árslok er eiginfjárhlutfall félagsins 31,2% en það var 27,2% í árslok 2004. Veltufjárhlutfall félagsins er í árslok 1,12 en það var 0,15 í árslok 2004. Eignir félagsins eru bókfærðar á 1.397 millj. og skuldir samtals 961,9 mkr, en þar af eru lífeyrisskuldbindingar 75 millj. og hafa þær hækkað um 10,4 mkr. á árinu.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að starfsemi félagsins verði með svipuðu sniði á árinu 2006 og á árinu 2005.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verðir arður af hlutafé að þessu sinni og vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins.

## Eignarhald á félaginu

Húsavíkurbær er eigandi að öllu hlutafé í félaginu.

## Staðfesting ársreiknings

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með áritun sinni.

Húsavík, 3. apríl 2006.

**Í stjórn**

Aðalsteinn Á. Baldursson.
Bjöðvar Bjarnason.
Sigurjón Benediktsson.

**Framkvæmdastjóri**

Hreinn Hjartarson.

# Áritun endurskoðenda

## Til hluthafa og stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ehf fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar nr. 1 - 11 og sundurliðanir. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31.desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Húsavík, 3. apríl 2006.

**PricewaterhouseCoopers hf**

Björn St. Haraldsson,
löggiltur endurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2005

| | Skýr. | 2005 | Áætlun | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Orkusala ........................................................ | | 259.276.697 | 247.966.000 | 256.189.139 |
| Aðrar tekjur .................................................... | | 3.938.379 | 3.306.000 | 3.648.072 |
| | | 263.215.076 | 251.272.000 | 259.837.211 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............................... | | 59.933.549 | 47.706.000 | 55.792.801 |
| Annar rekstrarkostnaður ................................. | | 85.716.754 | 72.285.000 | 80.019.585 |
| | | 145.650.303 | 119.991.000 | 135.812.386 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti .......... | | 117.564.773 | 131.281.000 | 124.024.825 |
| Afskriftir .......................................................... | 2 | 72.212.608 | 71.095.000 | 67.957.057 |
| | | 217.862.911 | 191.086.000 | 203.769.443 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 45.352.165 | 60.186.000 | 56.067.768 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 1 | | | |
| Vextir af langtímaskuldum .............................. | | 32.541.742 | 41.794.000 | 3.985.254 |
| Önnur fjármagnsgjöld og fjármunatekjur ......... | | (3.436.042) | 0 | 5.550 |
| | | 29.105.700 | 41.794.000 | 3.990.804 |
| **Hagnaður ársins** | | 74.457.865 | 101.980.000 | 60.058.572 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

| Eignir | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 2 | | |
| Orkuveitukerfin | | 305.981.595 | 300.773.016 |
| Fasteignir | | 91.680.765 | 96.689.235 |
| Tæki og búnaður | | 4.881.475 | 3.575.700 |
| Raforkuver og aðveituæð | | 725.049.922 | 747.872.854 |
| | | 1.127.593.757 | 1.148.910.805 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 3 | 125.781.849 | 115.073.849 |
| | | 125.781.849 | 115.073.849 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 1.253.375.606 | 1.263.984.654 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 4 | 200.000 | 250.000 |
| Viðskiptakröfur | 5 | 40.369.459 | 57.024.100 |
| Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 2.683.826 | 2.148.564 |
| Handbært fé | | 100.619.341 | 0 |
| | | 143.872.626 | 59.422.664 |
| **Eignir samtals** | | 1.397.248.232 | 1.323.407.318 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Hlutafé | | 307.000.000 | 307.000.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 53.898.448 | 53.898.448 |
| Lögbundinn varasjóður | | 7.445.787 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | 67.012.079 | 0 |
| | | 435.356.313 | 360.398.448 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 7 | 75.123.000 | 64.700.000 |
| | | 75.123.000 | 64.700.000 |
| **Langtímaskuldir:** | 9 | | |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | | 634.404.055 | 325.740.535 |
| Skuldir í íslenskum krónum | | 123.606.423 | 134.981.462 |
| | | 758.010.479 | 460.721.997 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Skuldir við tengda aðila | | 54.784.603 | 50.608.759 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 12.752.321 | 10.082.141 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | | 61.221.516 | 376.895.973 |
| | | 128.758.440 | 437.586.873 |
| **Skuldir samtals** | | 961.891.919 | 963.008.870 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.397.248.232 | 1.323.407.318 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 10 | | |
| **Aðrar upplýsingar** | 8 | | |

# Sjóðstreymi árið 2005

| | Skýr. | 2005 | Áætlun | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | | |
| Hagnaður ársins ........................................................ | | 74.457.865 | 101.980.000 | 60.058.572 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir .................................................................. | 2 | 72.212.608 | 71.095.000 | 67.957.057 |
| Aðrir liðir ................................................................. | 11 | (50.517.015) | (67.027.000) | (18.385.528) |
| | | 96.153.458 | 106.048.000 | 109.630.101 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur ............... | | 16.119.379 | 0 | (18.354.660) |
| (Lækkun)/hækkun rekstrartengdra skulda: | | | | |
| Skammtímaskuldir .................................................... | | 2.670.180 | 0 | (5.637.210) |
| | | 18.839.559 | 0 | (23.991.870) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 114.993.017 | 106.048.000 | 85.638.231 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | |
| Fjárfesting á árinu í varanlegum rekstrarfjármunum . | 2 | (50.895.560) | (62.600.000) | (79.037.471) |
| Seldar eignir ............................................................ | | 0 | 0 | 2.800.000 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum ......................... | | (10.708.000) | (11.300.000) | (11.335.640) |
| | | (61.603.560) | (73.900.000) | (87.573.111) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Nýjar lántökur ........................................................... | | 376.693.640 | 375.435.000 | 32.800.000 |
| Skammtímalán .......................................................... | | 4.175.844 | (90.339.000) | 35.105.137 |
| Hlutafjáraukning ....................................................... | 6 | 500.000 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána ........................................... | | (334.139.600) | (307.244.000) | (65.970.257) |
| | | 47.229.884 | (22.148.000) | 1.934.880 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 100.619.341 | 10.000.000 | (0) |
| Handbært fé í ársbyrjun ............................................ | | 0 | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 100.619.341 | 10.000.000 | (0) |

# Reikningsskilaaðferðir

## Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem eru í meginatriðum þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaðan samkvæmt matinu.

## Rekstrarreikningur

### Sala

Seldar vörur og þjónusta er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

## Efnahagsreikningur

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftahlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir og veitukerfið ........................................ | 3 - 6% |
| Bifreiðar og lyftarar ........................................ | 10% |
| Vélar, áhöld og búnaður ........................................ | 15 - 20% |

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kaupverði, framreiknuðu til janúar 2002.

### Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2006. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

# Reikningsskilaaðferðir

## Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum veitunnar.

## Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum í árslok.

## Skattamál

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja, lögum nr. 50/2005, voru orkufyrirtæki gerð skattskyld. Skattlagning orkufyrirtækja skal vera í samræmi við ákvæði fyrrgreindra laga svo og laga nr. 90/2003 eftir því sem við á. Í lögunum merkir orkufyrirtæki fyrirtæki sem stundar vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni. Lögin öðlast gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006. Enginn tekjuskattur er því reiknaður í þessu uppgjöri þrátt fyrir hagnað ársins.

# Skýringar

## 1. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Langtímaskuldir | Aðrir liðir | Samtals allt árið 2005 | Samtals allt árið 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur ........................................... | 0 | 1.550.983 | 1.550.983 | 2.743.366 |
| Gengishagnaður langtímalána .............. | 60.940.015 | 0 | 60.940.015 | 29.303.908 |
| Vaxtagjöld .......................................... | (28.398.273) | (4.987.025) | (33.385.298) | (28.056.470) |
| | 32.541.742 | (3.436.042) | 29.105.700 | 3.990.804 |

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Orkuveitu-mannvirki | Nýtt orkuver og aðveitulögn | Fast-eignir | Vélar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1/1 2005...... | 300.773.016 | 747.872.854 | 96.689.235 | 3.575.700 | 1.148.910.805 |
| Viðbætur á árinu.............. | 32.859.832 | 13.203.398 | 0 | 4.832.330 | 50.895.560 |
| Afskrifað á árinu ............... | (27.651.253) | (36.026.330) | (5.008.470) | (3.526.555) | (72.212.608) |
| Bókfært verð 31/12 2005.. | 305.981.595 | 725.049.922 | 91.680.765 | 4.881.475 | 1.127.593.757 |

| Fasteignir félagsins í lok árs 2005 voru eftirtaldar: | Fasteignamat, hús | Fasteignamat, leigulóð | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Árgata, spennistöð - 36,4m2 ................. | 1.301.000 | | 3.092.947 | 0 |
| Garðarsbraut 2a - spennistöð 24,1m2 .. | 841.000 | | 2.399.043 | 0 |
| Þurrkklefi ............................................... | 6.329.000 | 19.934.000 | 17.638.470 | 3.220.000 |
| Grundargarður 2a 21,6 m2 ................... | 764.000 | 101.000 | 2.128.251 | 0 |
| Hrísmóar 1 - 543,3 m2 .......................... | 55.636.000 | 3.817.000 | 134.969.468 | 79.139.544 |
| Áhaldahús á Höfða - 318 m2 ................ | 6.767.000 | 2.416.000 | 19.274.854 | 9.321.221 |
| Heiðargerði - spennistöð 24 m2 ............ | 795.000 | 74.000 | 2.222.394 | 0 |
| | 72.433.000 | 26.342.000 | 181.725.427 | 91.680.765 |

Efni og búnaður í rafstöð að Hrísmóum 1, eru tryggð gegn bruna- og vatnstjóni fyrir 243,9 millj. króna í árslok 2005. Þá eru veitumannvirki tryggð hjá Viðlagatryggingu Íslands gegn beinu tjóni af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Tryggingarupphæð er 1.802,4 millj. króna.

# Skýringar

## 3. Eignarhlutir í félögum

| Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt: | Eignarhlut- deild í % | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|---|---|---|---|
| Þeistareykir ehf | 31,97% | 110.793.977 | 111.556.846 |
| Hrafnabjörg ehf | 18,75% | 1.875.000 | 1.875.000 |
| X Orka ehf | 8,47% | 750.000 | 1.613.971 |
| Netorka hf | 2,73% | 900.000 | 900.000 |
| Íslensk orka ehf | 20,40% | 26.668.000 | 38.120.125 |
| - óbein niðurfærsla hlutabréfa í Íslenskri orku ehf. | | | (28.284.093) |
| | | | 125.781.849 |

Á árunum 2001 og 2002 voru hlutabréf í Íslenskri orku ehf afskrifuð óbeinni afskrift með mótfærslu á rekstur vegna árangurslausra borana í Öxarfirði.

## 4. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Ýmsar rekstrarvörur | 200.000 | 250.000 |
| | 200.000 | 250.000 |

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði og eru ótryggðar.

## 5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 48.887.159 | 72.168.100 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (8.517.700) | (15.144.000) |
| | 40.369.459 | 57.024.100 |

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign veitunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2005 | 15.144.000 | 12.355.000 |
| Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu | (7.734.862) | (864.798) |
| Breyting afskriftareiknings á árinu - aukning/(lækkun) | 1.108.562 | 3.653.798 |
| | 8.517.700 | 15.144.000 |

# Skýringar

## 6. Eigið fé

### Hlutafé

Hlutafé félagsins skv. samþykktum þess er kr. 307.000.000. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut að nafnverði í félaginu.

### Yfirverðsreikningur hlutafjár

Við stofnun félagsins nam eigið fé Orkuveitu Húsavíkur kr. 360.398.448. Fyrir þann hlut fékk eigandinn, Húsavíkurbær, hlutafé að nafnverði kr. 306.500.000 í Orkuveitu Húsavíkur ehf. Mismunurinn, kr. 53.898.448 var lagður á yfirverðsreikning hlutafjár.

### Lögbundinn varasjóður

Í lögbundinn varasjóð hefur verið lagt skv. ákvæðum í lögum um hlutafélög.

| **Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:** | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2005............................. | 0 | 0 | 0 | 360.398.448 |
| Félaginu breytt í einkahlutafélag: | | | | |
| Hlutafjáraukning................................... | 500.000 | | | |
| Eigin fé 1.1. breytt í hlutafé.................... | 306.500.000 | 53.898.448 | 0 | (360.398.448) |
| Staða 1.1. eftir stofnun ehf | 307.000.000 | 53.898.448 | 0 | 0 |
| Hagnaður ársins................................... | | | | 74.457.865 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð.................... | | | 7.445.787 | (7.445.787) |
| Staða 31. des. 2005.............................. | 307.000.000 | 53.898.448 | 7.445.787 | 67.012.079 |

## 7. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkanir á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2005 að viðbættri hækkun á árinu 2005, 10,4 mkr.

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2005 ........................................................................................................ | 64.700.000 |
| Breyting á árinu - hækkun ................................................................................................ | 10.423.000 |
| | 75.123.000 |

## 8. Aðrar upplýsingar

### Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Laun ........................................................................................................................ | 37.870.879 |
| Launatengd gjöld ..................................................................................................... | 6.008.028 |
| Greiðslu vegna eftirlauna ........................................................................................ | 2.812.717 |
| Hækkun lífeyrisskuldbdinga ..................................................................................... | 10.423.000 |
| Annað ....................................................................................................................... | 2.818.925 |
| | 59.933.549 |

# Skýringar

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 7 starfsmenn á árinu í 7 stöðugildum. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu kr. 6,7 millj. króna á árinu 2005.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

## 9. Langtímaskuldir

| | Hlutfall skulda í mynt | |
|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | |
| Í USD, vextir 3,80% | 25,20% | 206.419.724 |
| Í CHF, vextir 1,85% | 7,57% | 62.027.144 |
| Í JPY, vextir 1,08% | 3,70% | 30.350.050 |
| Í ECU, vextir 3,26% | 46,60% | 381.794.209 |
| | | 680.591.127 |
| Skuldir í íslenskum krónum: | | |
| Verðtryggðar skuldir. Vextir 6,05% | 16,92% | 138.612.618 |
| Óverðtryggðar skuldir | | 28.250 |
| | | 138.640.868 |
| Langtímaskuldir samtals | 100,00% | 819.231.995 |

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok 2005.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2005 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2006 | 61.221.516 |
| Árið 2007 | 61.221.516 |
| Árið 2008 | 58.457.296 |
| Árið 2009 | 56.411.684 |
| Árið 2010 | 56.411.684 |
| Síðar | 225.814.169 |
| | 519.537.865 |

Langtímaskuldir samtals kr. 819.231.995 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir árið 2006, færðar meðal skammtímaskulda | 61.221.516 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 758.010.479 |
| | 819.231.995 |

## 10. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

### Veðsetningar

Eftirtaldar eignir félagsins eru veðsettar til tryggingar skuldum:

| | Uppgr.verð |
|---|---|
| Orkustöð og aðveituæð að Hrísmóum 1 svo og Garðarsbraut 27, Húsavík, 1. veðréttur - tryggingabréf og rekstrarveð. | 163.859.815 |

# Skýringar

Þá eru tekjur félagsins, sbr. 3. mgr. 73. gr. laga 45/1998, settar að veði til tryggingar langtímalánum að fjárhæð IKR 374 millj. í árslok.

## 11. Sjóðstreymi

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Aðrir liðir, samkvæmt sjóðstreymi, sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi, greinast þannig: | | |
| Verðbætur og gengishagnaður af langtímaskuldum ................................. | (60.940.638) | (29.304.531) |
| Söluhagnaður ........................................................................................... | 0 | (1.662.619) |
| Hækkun á lífeyrisskuldbindingu ................................................................ | 10.423.000 | 12.581.000 |
| | (50.517.638) | (18.386.150) |

# Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur

Allar fjárhæðir á verðlagi 2005 í þús. króna:

| | | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Kennitölur tengdar sjóðstreymi** | | | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri ............................ | | 96.153 | 114.454 | 75.844 | 68.654 | 46.581 |
| Fjárfestingahreyfingar ............................... | | (61.604) | (91.426) | (78.638) | (6.810) | 33.725 |
| **Arðsemi (%)** | | | | | | |
| Arðsemi eigin fjár ..................................... | | 20,65% | 19,10% | 6,81% | 53,67% | -33,46% |
| **Rekstrarárangur** | | | | | | |
| Rekstrartekjur samtals .............................. | | 269.006 | 276.695 | 251.826 | 259.286 | 238.277 |
| Rekstrarhagnaður ................................... | | 46.350 | 54.779 | 31.654 | 21.870 | 23.194 |
| Hagnaður (tap) ársins .............................. | x | 76.096 | 63.955 | 22.701 | 115.378 | (116.404) |
| **Ýmsar stærðir sem hlutfall af veltu (%)** | | | | | | |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir í % af tekjum (EBITDA) ............... | | 44,66% | 47,73% | 41,74% | 38,05% | 39,21% |
| Hagnaður (tap) ársins í % af tekjum .......... | x | 28,29% | 23,11% | 9,01% | 44,66% | -48,85% |
| **Efnahagur og fjárhagslegur styrkleiki** | | | | | | |
| Veltufjárhlutfall ......................................... | | 1,12 | 0,14 | 0,37 | 0,41 | 0,57 |
| Eignir samtals, í þús. króna ...................... | | 1.397.248 | 1.381.637 | 1.421.929 | 1.456.960 | 1.612.910 |
| Eigið fé, í þús. króna ................................. | | 435.356 | 376.256 | 356.211 | 346.183 | 234.423 |
| Eiginfjárhlutfall .......................................... | | 31,16% | 27,23% | 25,05% | 23,76% | 14,53% |

x)= án reiknaðra tekna vegna verðlagsbreytinga frá 2002.

| **Aðrar upplýsingar miðað við árslok 2005:** | Hitaveita | Vatnsveita | Rafveita |
|---|---|---|---|
| Íbúar á veitusvæði ........................................................... | 2373 | 2373 | 2373 |
| Veitur (mælitæki) ............................................................. | 936 | 20 | 1210 |
| Uppsett afl ....................................................................... | 43,9 MW | 300 l/s | 7 MW |
| Lengd safn og aðveituæða/lengd háspennukerfis ............ | 49,5 km | 4 km | 18 km |
| Lengd dreifikerfis/lengd lágspennukerfis .......................... | 29 km | 29 km | 27,5 km |
| Rafmagnsframleiðsla í Orkustöð ..................................... | | | 8,56 GWh/ári |